

Stjórnarfundur S.Í. 21.febrúar 2019 kl. 17.15.

Mætt: Gunnar, Þórir, Hörður, Inga, Róbert, Kristófer, Hlíðar Þór Hreinsson situr fundinn undir fyrsta lið stjórnarfundar.

1. **Tillögur landsliðsnefndar.** Hlíðar Þór Hreinsson fer yfir mjög vandað plagg landsliðsnefndar um stefnumótatillögur nefndarinnar. Góðar og gagnlegar umræður um stefnumótunina. Lagt til af að hálfu stjórnarinnar er eftirfarandi.... „Samþykkt tillaga landsliðsnefndar að ganga til samninga við Helga Ólafsson sem landsliðsainvald í opnum flokki og Björn Ívar Karlsson í kvennaflokki og nefndinni falið að klára málið. Jafnframt samþykkt að fela landsliðsnefnd að sjá um skipulag í kringum landslið og landsliðsæfingar og að koma með tillögu að kostnaðaráætlun í kringum landsliðsstarfið í samræmi við stefnumótunartillögur.“
2. **Skákframtíðin.** Verkefnið „Skákframtíðin“ er farið af stað. Björn Ívar Karlsson mun vera þjálfurum verkefnisins innanhandar um praktísk atriði verkefnisins, hann verður „undirverktaki“ þessa verkefnis og samþykkt að veita honum kr. 75.000 á mánuði fyrir hans störf í þágu verkefnisins. Mikil ánægja stjórnarinnar með „Skákframtíðina“
3. **Íslandsmót Skákfélaga.** Verður haldið í Rimaskóla 28.febr.-2.mars nk. Skákdómarar verða Ingibjörg Edda, Kristján Örn, Ólafur Ásgrímsson, Bragi Kristjánsson, Halla (pörunarstjóri) og Þórir Benediktsson. Gunnar Björnsson mun gera úttekt á skákbúnaði S.Í. fyrir mótið.
4. **NM í skólaskák.** Var haldið í Borgarnesi helgina 15.febr.17.febr. sl. Mótið tókst framúrskarandi vel, og hefur mótstjórn fengið gríðarlega góðar umsagnir frá keppendum, foreldrum og astoðarfólki sem komu á mótið. Borgarnes er tilvalinn vettvangur fyrir stærri skákmót í framtíðinni. Mótstjórnina skipuðu Gunnar Björnsson, Omar Salama, Björn Ívar Karlsson og Róbert Lagerman.
5. **NM stúlkna.** Mótið fer fram í Danmörku í lok apríl. Staðan er þannig að enginn íslenskur fulltrúi fer í tvo elstu flokka (u20 og u17) . Við eigum hins vegar fullt af fulltrúm í u13 og beðið hefur um leyfi til mótshaldara að senda 6 stúlkur, en þá 2 sem höfum rétt á og fengið jákvætt svar. Lagt til að við greiðum flugið fyrir 6 stúlkur samtals (sem er fjöldinn sem hefðum sent ef allt væri með felldu) en gistinguna þurfa þessar fjórar aukastúlkur að bera. Samþykkt.
6. **HM Öldunga.** Tvær íslenskar sveitir eru á leiðinni. Annars vegar 50+ og þar er á ferðinni; Jóhann, Helgi, Margeir, Jón L og Þróstur. Og hins vegar 65+ lið Það skipa: Áskell Örn Kárason, Kristján Guðmundsson, Björgvin Viglundsson, Bragi Halldórsson og Jón Kristinsson. Lagt til að S.Í. greiði þáttökugjöld keppenda, en þau eru 150 evrur á keppenda. Samþykkt.
7. **Íslandsmót Öldunga.** Beiðni frá SA um að mótið verði haldið til hliðar við Icelandic Open. Samþykkt.
8. **Mót framundan.**
 - a) **Íslandsmót barnaskólasveita,** 4.-7. Bekkur 16.mars nk. Haldið í Rimaskóla. Ingibjörg Edda verður yfirdómari.
 - b) **Íslandsmót Grunnskólasveita,** 8.-10. Bekkur 30.mars nk. Verður haldið í Landakotsskóla. Ingibjörg Edda verður yfirdómari.
9. **Gamma Reykjavíkurskák mótið.** Umræðum frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 19.00 Róbert Lagerman ritari S.Í.